



LJÓNSHJARTA

Reykjavík 21. mars 2016

Sendandi

Vilborg Davíðsdóttir
kt. 030965-3889
f.h. stjórnar Ljónshjarta

– samtaka til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra

Efni

Umsögn til velferðarnefndar

145. löggjafarþing 2015–2016

Þingskjal 203 - 197. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir).

Flm.: Unnur Brá Konráðsdóttir.

Lýst er yfir fullum stuðningi við þá lagabreytingu sem hér er lögð til, enda er hún til þess fallin, eins og fram kemur í greinargerð, að stuðla að jafnrétti barna einstæðra foreldra og tryggja að eins sé staðið að opinberum stuðningi við einstæða foreldra, óháð kynferði.

Þá er því fagnað að í greinargerð með frumvarpinu kemur skýrt fram sá skilningur að barnalífeyrir til barna sem misst hafa foreldri sé ígildi meðlagsgreiðslna af hálfu almannatryggingakerfisins og nauðsynlegt sé að staða allra barna sé jöfn að þessu leyti. Sbr. tilvitnun: „Meðlagsgreiðslum er ætlað að jafna stöðu barna einstæðra foreldra við stöðu barna sem njóta beggja foreldra við. Í tilvikum þar sem meðlagsgreiðslum er ekki fyrir að fara, svo sem vegna andláts annars foreldris, grípur almannatryggingakerfið inn í með greiðslu barnalífeyris til þess foreldris sem framfærir barn eða annars aðila sem hefur framfærslu barns með höndum.“

Málum er þó svo háttað í núgildandi lögum að þessi breyting ein dugir ekki ein og sér til að jafna rétt allra barna einstæðra foreldra og tryggja að eins sé staðið að opinberum stuðningi við þau sem hafa misst foreldri og börn sem eiga báða foreldra á lífi. Samkvæmt 60. grein barnalaga nr. 76 frá 2003 er heimilt að úrskurða þann sem meðlagsskyldur er til að inna af hendi sérstakt

framlag vegna útgjalda við skírni barns, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Í lögum um almannatryggingar er börnum sem misst hafa foreldri og njóta barnalífeyris af þeim sökum ekki tryggður sami réttur til sérstaks framlags vegna sams konar útgjalda.

Því er lagt til að við frumvarp þetta um breytingar á lögum um almannatryggingar bætist einnig við 20. gr. laga um almannatryggingar ný málsgrein sem orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða vegna barna sem eiga aðeins eitt framfærsluskylt foreldri á lífi sérstakt framlag vegna útgjalda við skírni þess, fermingu, gleraugnakaup, tannréttingar, vegna sjúkdóms, greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni. Framlagið greiðist eftirlifandi foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum er annast framfærslu þeirra að fullu.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar *Ljónshjarta*, samtaka til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra,

Vilborg Davíðsdóttir
kt. 030965-3889
Hallveigarstíg 6a,
101 Reykjavík.



LJÓNSHJARTA

Ljónshjarta – samtök til stuðnings yngra fólki sem misst hefur maka og börnum þeirra
Kt. 601213-0950. Vefsíða: ljonshjarta.is